

Ársskýrsla og reikningur 2023

Kirkjugarðasamband Íslands



gardur.is



Aðfaraorð

Ágæti lesandi

Aðalfundur KGSÍ 2023 var haldinn á Akureyri í byrjun sumars. Þátttaka á fundinum var með allra fjölmennasta móti. Dagskráin fjölbreytt og að loknum hefðbundum aðalfundastörfum var farið yfir nokkur „praktísk“ atriði varðandi umhirðu og málefni kirkjugarða. Meðal annars fluttu fulltrúar KGRP þau Helena og Kári afar fróðlegt og athyglivert erindi um fjölmenningu og greftrunarsiði. Fóru yfir sína reynslu og upplifun. Þá var farið yfir frágang grafa, hvenær og hvernig á að ganga frá kistugröf, svo fátt eitt sé upp talið. Rætt var um uppsetningu minningamarka og samskipti steinasala og kirkjugarða. Fulltrúi Steinsmiðju Akureyrar flutti erindi um þeirra hlið mála og lagði áherslu á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við starfsfólk og fulltrúa kirkjugarða landsins.

Þá var ákveðið að halda næsta aðalfund að ári með stafrænum hætti þ.e. með fjarfundarbúnaði og þannig gefa fulltrúum allra kirkjugarða færi á þátttöku

Að loknum fundi þáðu þingfulltrúar og makar þeirra heimboð til Kirkjugarða Akureyrar

Fráfarandi stjórn og varastjórn var endurkjörin, en þau eru Smári Sigurðsson, Ingvar Stefánsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson og til vara Anna Kristjánsdóttir og Matthildur Hauksdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kjörin Magnús Gunnarsson og Bogi Benediktsson

Sem fyrr lá meginhluti verkefna stjórnar KGSÍ á starfsárinu að hafa samskipti við hið opinbera. Eða öllu heldur reyna að ná samskiptum við fagráðuneytið. Í lok árs 2023 átti stjórn KGSÍ fund með þá nýskipuðum dómsmálaráðherra hvar enn einu sinni var farið yfir stöðu kirkjugarða, og sér í lagi mikilvægi þess að endurskoða samkomulag um fjármögnum garðanna og líkhúsmál.

Skipta má áhersluatriðunum í fjóra þætti.

- Endurskoðun samkomulags ríkis og kirkjugarða.
- Líkhús, rekstur þeirra og á ábyrgð hvers.
- Bálstofa til framtíðar.
- Endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Fulltrúar stjórnar áttu góðan fund á vordögum með fulltrúum kirkjugarða, sókna og sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Hvar farið var yfir öllu helstu málefni sem brenna á okkar fólk. Jafnframt farið yfir samskipti og samvinnu sveitarfélaga og kirkjugarða. Fundurinn var fjölmennur, líflegur og gagnlegur umræður sköpuðust.

Þá tóku fulltrúar KGSÍ þátt í Kirkjudögum fyrir Kjalaranesprófastdæmi sem haldnir voru í Reykjanesbæ sl. vetur. Á þeim fundi var ein málstofa um kirkjugarðamál.

Stjórn KGSÍ

Sem að ofan greinir endurnýjaði stjórn umboð sitt á aðalfundinum í maí 2023. Smári Sigurðsson kjörinn formaður og aðrir í stjórn eru Ingvar Stefánsson frá Kirkjugörðum Reykjavíkur og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Anna Kristjánsdóttir frá Kirkjugarði Akranes og Albert Eymundsson frá Hafnarkirkjugarði í varastjórn. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Magnús Gunnarsson og Bogi Benediktsson.

Bautasteinn

Í lok starfsársins kom út blaðið Bautasteinn sem komið hefur óslitið út frá árinu 1996. Að venju hefur Guðmundur Rafn borið hita og þunga af útgáfu blaðsins. Blaðinu er dreift víða, ma. til þingmanna og sveitastjórna. Blaðið ætti að hafa borist fulltrúum allra kirkjugarða landsins

Erlend samskipti

KGSÍ er aðili að samnorræna kirkjugarðasambandinu NFKK. Þar hefur Guðmundur Rafn Sigurðsson setið í stjórn fyrir okkar hönd. Flestir fundir á árinu voru eðli máls samkvæmt haldnir með stafrænum hætti. Einn snertifundur var þó haldinn í Danmörku hvar fjallað var ítarlega um næstu NFKK ráðstefnu.

Þessar norrænu kirkjugarðaráðstefnur eru að öllu jöfnu haldnar á fjögurra ára fresti, og skiptast norðurlöndin á um að hýsa ráðstefnuna. Sú næsta verður haldin í Stokkhólmi 17. – 19. september 2025, hér má finna [vefslóð](#) með upplýsingum um ráðstefnuna.

Það mun koma í hlut KGSÍ að hýsa þar næstu ráðstefnu. Sambærileg ráðstefna hefur einu sinni áður verið haldin hér á landi en það var árið 2005.

Rekstur sambandsins 2023

Samkvæmt samningi við Kirkjugarðaráð hefur KGSÍ fengið árlega 8 milljón króna framlag úr Kirkjugarðasjóði. Sá samningur rennur út á næsta ári. Fram til þessa hafa þeir fjármunir undanfarin ár nánast runnið óskiptir í grafarsjóð til að rétta af rekstur hans. Grafarsjóður er nafnið eða heitið á þess hluta fjármuna frá hinu opinbera sem áætlaðir eru til að standa straum af kostnaði við greftranir. Eðli máls samkvæmt er erfitt að áætla nákvæman fjölda í upphafi árs hve margar greftranir þarf að greiða fyrir á yfirstandi ári.

Nú hinsvegar hefur vel tekist til við að áætla framlag í grafarsjóðinn í réttu hlutfalli við fjölda greftrana. Því er rekstur KGSÍ réttu megin við núllið og því gert ráð fyrir ma.fjármunum til uppfærslu og endurnýjunar á heimasíðunni [gardur.is](#). Brýnt er orðið að uppfæra heimasíðuna og bæta aðgengi og leitarmögulega í legstaðaskránni.

Á síðasta ári var félagssjóði þ.e. félagslegur rekstur KGSÍ annarsvegar og framlagi ríkisins til kirkjugarða hinsvegar skipt upp. Þessir tveir hlutar eða tvær kennitölur gerðar upp í sitt hvoru lagi. Ársreikningur KGSÍ þ.e. félagslegi reksturinn fylgir hér að neðan.

Kirkjugarðaráð sem er aðili máls fyrir hönd allra kirkjugarða í samkomulagi ríkis og kirkjugarða gera upp og undirrita ársreikning þess hluta fjármunanna.

Framlag til kirkjugarða landsins árið 2023

Fjárlög 2023	1.343.000.000	Brúttó	Nettó	Kirkjugarðasjóður
		Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að frádregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% gjald í kirkjugarðasjóð
Umhirða	Framlag vegna fastakostnaðar	1.028.103.179	945.854.925	82.248.254
Grafartaka	Framlag vegna grafartöku	220.886.821	203.215.875	17.670.946
Bálstofa	Framlag vegna líkbrennslu	80.580.000	74.133.600	6.446.400
	Varasjóður	13.430.000	12.355.600	1.074.400
	Samtals 2023	1.343.000.000	1.235.560.000	107.440.000

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2023 var **kr. 1.343.400.000**. Framlagið hefur verið skert verulega frá hruni eins og fram hefur komið í gögnum KGSÍ á undanförunum árum Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað mikið frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Brúttóframlag ríkisins árið 2022, að með töldu framlagi í kirkjugarðasjóð, var **kr. 1.312.400.000**.

Framlagið hækkar á milli ára einfaldlega vegna fjölgunar greftrana ár frá ári og fjölgun fermetra í umhirðu í sístækkandi kirkjugörðum. Framlagið fylgir ekki eðlilegri þróun vísitölu launa eða kaupgjalds. Nú er svo komið að hlutfall laun hjá stærri kirkjugörðum eru orðin 80% af heildartekjum garðanna. Í upphaflega samkomulaginu við ríkið var gengið út frá að hlutfall launa í heildar rekstrarkostnaði garðanna væri um 40%.

Eitt af meginverkefnum KGSÍ er að fá uppfært samkomulag ríkis og kirkjugarða. Endurskoðun eða uppfærslu sem felur í sér raunverulega nálgun við kostnað sem kirkjugarðar þurfa að standa straum af til að uppfylla lagalegar skyldur sínar.

Smári Sigurðsson
formaður stjórnar KGSÍ

Aðalfundurinn 2024

Boðað er til aðalfundar að þessu sinni á fjarfundi, nánar tiltekið á TEAMS. Þetta er ákvörðun sem tekin var á síðasta aðalfundi. Er það gert fyrst og fremst til að gefa sem flestum tækifæri til þátttöku í fundinum. Eins og verið hefur, hafa fundirnir verið haldnir vítt og breitt í kringum landið með tilheyrandi ferða- og gistingkostnaði.

Með starfrænum hætti ættu allir fulltrúar garðanna óháð búsetu að hafa jöfn tækifæri til þátttöku í fundinum.

Það liggur fyrir að félagslegi þáttur þess að halda snertifundi eins hingað til, hefur mikið gildi. Allar „grafarasögurnar“ og samtalið sem fer fram er flestum mikilvægt. Vinátta og góður kunningsskapur hafur skapast í gegnum árin og áratugina.

Þó svo að þessu sinni verði fundurinn í með stafrænum hætti er ekki endilega búið að slá af fundi og samkomur í raunheimum. Á næsta ári verða 30 ár frá stofnum KGSÍ en sambandið var stofnað á vordögum 1995 á Akureyri. Markmiðið er að boða til aðalfundar í raunheimum næsta vor og stefnt að veglum fundi með tilheyrandi fræðslu og fróðleik um málefni kirkjugarða.

Fyrir margt löngu var slegið saman fræðsludegi og aðalfundi sem haldin var í Hveragerði. Á föstudeginum var boðið upp á fræðslu og námskeið í „kirkjugarðafræðum“ í Garðyrkjuskólanum að Reykjum. Og á laugardag var hefðbundin aðalfundur og í kjölfarið kvöldskemmtun með góðri samveru félagsfólks. Sú helgi heppnaðist afar vel og er hugur stjórnar að geta endurtekið sambærilega daga vorið 2025.

Félagssjóður KGSÍ

Ársreikningur 2023

Félagssjóður KGSÍ
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 450922-1610

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun skoðunarmanna.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5 - 6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar	8 - 9

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi. Á árinu 2022 var stofnuð ný kennitala Félagssjóðs KGSÍ sem hefur þann tilgang meðal annars að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmunum þeirra.

Ársreikningur Félagssjóðs KGSÍ fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2023 námu samtals kr. 8.389.300 og nam hagnaður ársins kr. 3.445.256. Heildareignir námu kr. 21.977.423 og eigið fé í árslok 2023 nam kr. 21.201.809.


Stjórnendur KGSÍ gera ráð fyrir að rekstur sambandsins og félagssjóðsins verði með svipuðu horfi á árinu 2024 eins og hann var á árinu 2023.


Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands og Félagssjóðs KGSÍ koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Félagssjóðs KGSÍ staðfestir með undirritun sinni ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023.

Reykjavík,

Í stjórn


Smári Sigurðsson
stjórnarformaður


Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður



Ingvar Stefánsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Félagssjóðs KGSÍ höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2023 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík,

Bogi Benediktsson



Magnús Gunnarsson



Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur		<u>8.389.300</u>	<u>8.929.263</u>
		8.389.300	8.929.263
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		833.639	774.306
Laun og launatengd gjöld	3	1.608.672	1.439.853
Annar rekstrarkostnaður		<u>2.588.589</u>	<u>2.609.129</u>
		5.030.900	4.823.288
Rekstrarhagnaður (-tap)		3.358.400	4.105.975
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	4	135.597	16.636
Fjármagnsgjöld	5	<u>(48.741)</u>	<u>(119.176)</u>
		86.856	(102.540)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>3.445.256</u></u>	<u><u>4.003.435</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Veltufjármunir			
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	7	12.577.859	19.889.179
Aðrar skammtímakröfur	7	235.683	68.174
Handbært fé	7	9.163.881	37.118
		<u>21.977.423</u>	<u>19.994.471</u>
Eignir samtals		<u>21.977.423</u>	<u>19.994.471</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2023	2022
Eigið fé	8		
Eigið fé		<u>21.201.809</u>	<u>17.756.553</u>
		21.201.809	17.756.553
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		705.211	785.119
Aðrar skammtímaskuldir	9	<u>70.403</u>	<u>1.452.799</u>
		775.614	2.237.918
Skuldir samtals		775.614	2.237.918
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.977.423</u>	<u>19.994.471</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður		<u>3.358.400</u>	<u>4.105.975</u>
		3.358.400	4.105.975
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Aðrar rekstartengdar eignir		7.143.811	(5.697.473)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Rekstartengdar skuldir		<u>(1.462.304)</u>	<u>1.451.274</u>
		5.681.507	(4.246.199)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		9.039.907	(140.224)
Innborgaðir vextir og arður		135.597	16.636
Greiddir vextir		(48.741)	(119.176)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>9.126.763</u>	<u>(242.764)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		9.126.763	(242.764)
Handbært fé í byrjun tímabils		37.118	279.882
Handbært fé í árslok		<u><u>9.163.881</u></u>	<u><u>37.118</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi. Á árinu 2022 var stofnuð ný kennitala Félagssjóðs KGSÍ sem hefur þann tilgang meðal annars að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Félagssjóðs KGSÍ fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sjóðsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekjur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2023	2022
Laun	1.283.464	1.206.144
Launatengd gjöld	325.208	233.709
	<u>1.608.672</u>	<u>1.439.853</u>

4. Fjármunatekjur

	2023	2022
Vaxtatekjur af bankareikningum	125.359	652
Aðrar vaxtatekjur	10.238	15.984
	<u>135.597</u>	<u>16.636</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2023	2022
Fjármagnstekjuskattur	(27.579)	(753)
Önnur vaxtagjöld	(21.162)	(118.423)
	<u>(48.741)</u>	<u>(119.176)</u>

Skýringar

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000, en er bókfærður á kr. 0.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2023	31.12.2022
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	12.577.859	19.889.179
	<u>12.577.859</u>	<u>19.889.179</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2023	31.12.2022
Útistandandi virðisaukaskattur	226.433	58.174
Aðrar kröfur	9.250	10.000
	<u>235.683</u>	<u>68.174</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	17.756.553
Hagnaður ársins	3.445.256
Eigið fé 31.12.2023	<u>21.201.809</u>

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2023	31.12.2022
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	0	1.374.092
Ógreidd laun og launatengd gjöld	70.403	59.470
Aðrar skammtímaskuldir	0	19.237
	<u>70.403</u>	<u>1.452.799</u>

Sundurliðanir

Styrkir og aðrar tekjur

	2023	2022
Skráning ítarefnis	27.500	62.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	261.800	261.800
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	8.100.000	8.000.000
Tekjur vegna NFKK	0	604.963
	8.389.300	8.929.263

Útgáfu- og dreifingarkostnaður

	2023	2022
Prentun	545.949	517.119
Annar útgáfukostnaður	8.831	0
Burðargjöld	278.859	257.187
	833.639	774.306

Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Vinnulaun	1.283.464	1.206.144
Tryggingagjald	95.973	85.926
Lífeyrissjóður	227.962	147.009
Aðrir sjóðir	1.273	774
	1.608.672	1.439.853

Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Aðalfundarkostnaður	582.970	150.000
Stjórnarfundakostnaður	0	24.100
Ferðakostnaður	138.127	0
Bókhaldsvinna, reikningagerð, könnun o.fl.	1.538.461	1.226.719
Önnur aðkeypt þjónusta	232.094	562.907
Kostnaður vegna gardur.is	0	201.266
Kostnaður vegna NFKK	0	300.598
Annar kostnaður	96.937	143.539
	2.588.589	2.609.129